



## Fundargerð

Fundur í Skipulags-, - hafnar- og húsnæðisnefnd

fimmtudaginn 31.05.2019 kl. 13:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Karl Kristjánsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Ingimar Ingimarsson. Einnig sátu fundinn Þórður Sigfússon skipulagsfulltrúi og Tryggvi Harðarson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Vestfjarðavegur 60 - aðalskipulagstillaga:

Lögð fram drög að aðalskipulagstillögu vegna Vestfjarðavegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi.

Verið er að leggja lokahönd á tillöguna en stefnt að því að klára málið fyrir miðjan júnímánuð.

### 2. Fimm ára samgönguáætlun:

Rætt um verkefni sveitarfélagsins varðandi fimm ára áætlun um hafnaframkvæmdir. Nefndin leggur til að verkefni sem þegar eru inni á áætlun verð ítrekuð. Þá verði óskað eftir að smábátahöfn í Flatey verði tekin inn á næstu áætlun.

### 3. Lóðarumsókn:

Tekin fyrir að nýju lóðarumsókn frá Kristni F. Olgeirssyni um Hólatröð 6. Samþykkt að auglýsa allar íbúðahúsalóðir sveitarfélagsins lausar til úthlutunar áður en umsóknin verði tekin til endanlegar afgreiðslu.

### 4. Styrkvegafé:

Sveitarstjóri ræddi fyrirhuguð verkefni styrkvega. Vonandi verður hægt að byrja á framkvæmdum innan tíðar í samráði við Vegagerðina.

### 5. Hafrahlíð - skipulagsbreyting:

Tekin fyrir umsókn um að frístundalóð á Hafrafelli verði skráð sem íbúðalóð. Nefndin leggur til að orðið verði við erindinu. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

### 6. Hraðhleðslustöð Bjarkarlundi:

Tekið fyrir að nýju erindi um hraðhleðslustöð í Bjarkalundi. Nefndin fagnar því að komið verði upp hraðhleðslustöð á staðnum.

Fleira ekki gert og  
fundi slitið kl. 14.18

---

---

---

---

---